

**1124. fundur bæjarráðs Ísafjarðarbæjar  
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 5. október 2020  
og hófst hann kl. 08:05.**

**Fundinn sátu:**

Marzellius Sveinbjörnsson varaformaður, Daníel Jakobsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Sif Huld Albertsdóttir og Nanný Arna Guðmundsdóttir aðalmaður.

**Embættismenn:**

Birgir Gunnarsson, bæjarstjóri og Bryndís Ósk Jónsdóttir, bæjarritari.

**Fundargerð ritaði:** Bryndís Ósk Jónsdóttir, bæjarritari.

**Dagskrá:**

**1. Dagskrá og verkefni bæjarráðs - 2019050047**

Verkefnalisti bæjarráðs kynntur.

*Verkefnalisti yfirfarinn.*

**2. Skipulagsmál á Sundabakkasvæðinu - 2017050124**

Gunnar Páll Eydal, umhverfis- og auðlindafræðingur hjá Verkís, mætir til fundar til að kynna frummatsskýrslu Verkís um Sundabakka, dags. september 2020.

*Gunnar Páll Eydal kynnir frummatsskýrslu Sundabakka.*

*Bæjarráð þakkar fyrir kynninguna.*

**Gestir**

Axel Rodriguez Överby, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs - 08:15

Gunnar Páll Eydal, verkefnastjóri Verkís - 08:15

Gunnar Páll yfirgefur fundinn kl. 8.45.

**3. Viðaukar við fjárhagsáætlun 2020 - 2020010031**

Lagður fram viðauki 14 við fjárhagsáætlun 2020 vegna endurskoðunar tekjuáætlunar og framkvæmdaáætlunar 2020, og viðaukaáætlun vegna fjárfestinga 2020.

Áhrif viðaukans á rekstrarniðurstöðu samstæðu Ísafjarðarbæjar er neikvæð um kr. 454.030.609.

Áhrif viðaukans á sveitasjóð A hluta er kr. 294.088.722, eða lækkun rekstartaps úr kr. -71.458.755, í kr. -365.547.477. Áhrif viðaukans á samantekin A og B hluta er kr. 454.030.609, eða lækkun rekstrarframlags úr kr. 81.541.245, í rekstrarhalla

kr. -372.489.364.

*Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja viðauka 14 við fjárhagsáætlun 2020 vegna endurskoðaðrar tekjuáætlunar og framkvæmdaáætlunar 2020.*

*Viðaukaáætlun vegna fjárfestinga 2020 lögð fram til kynningar.*

### **Gestir**

Edda María Hagalín, fjármálastjóri - 08:45

#### **4. Viðhaldsáætlun 2020 - 2020100014**

Lagt fram minnisblað Eddu Maríu Hagalín, fjármálastjóra, dags. 2. október 2020, þar sem fram koma viðhaldsáætlun eignasjóðs ársins 2020 og upplýsingar um viðhaldskostnað ársins frá 1. janúar til 31. ágúst 2020.

*Lagt fram til kynningar.*

Edda María yfirgefur fundinn kl. 9:40.

#### **5. Bedford Slökkvibíll - Sala - 2020040055**

Lagt er fram minnisblað Axels R. Överby, sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs, dags. 16. september 2020, vegna sölu Bedford DB-192 árgerð 1962. Bíllinn var auglýstur í samræmi við reglur Ísafjarðarbæjar um sölu lausafjarmuna og bárust þrjú kauptilboð, og eitt án endurgjalds til Samgöngusafnsins í Stóragerði í Skagafirði.

*Bæjarráð felur bæjarstjóra að hafa samband við hæstbjóðanda vegna tóku á tilboðinu.*

#### **6. Hverfisráð - framkvæmdafé 2020-2022 - 2020080032**

Lagður fram til kynningar tölvupóstur Sæðisar Ólafar Þórsdóttur, formanns Hverfisráðs Súgandafjarðar, dags. 29. september 2020, varðandi tillögur að nýtingu framkvæmdafjár 2020-2022, í samræmi við breytt verklag.

*Bæjarráð tekur vel í hugmyndir Hverfisráðs Súgandafjarðar um uppbyggingu tjaldsvæðis við vestanvert Lónið á Suðureyri.*

*Bæjarráð vísar erindinu til frekari úrvinnslu í skipulags- og mannvirkjanefnd.*

#### **7. Sala eigna aðalsjóðs - Urðarvegur 54 Ísafirði - 2020100015**

Lagður fram tölvupóstur Helenu Rósar Sigmarsdóttur, verkefnastjóra Ríkiskaupa, dags. 30. september 2020, auk fasteignayfirlits og söluyfirlits Urðarvegur 54 á Ísafirði, þar sem óskað er heimildar til að setja eignina í sölufjerli, en aðalsjóður Ísafjarðarbæjar á 15% hlut í eigninni.

*Bæjarráð samþykkir að setja eignina í sölufjerli.*

Axel yfirgefur fundinn kl. 9:55.

#### **8. Bygging nýrra nemendagerða Lýðskólans - 2020090040**

Lagt fram minnisblað Birgis Gunnarssonar, bæjarstjóra, dags. 1. október 2020, vegna byggingar nemendagerða við Lýðskólann á Flateyri, en lagt er til að aðkoma bæjarins verði í formi niðurfellingar gatnagerðargjalda og í formi vinnuframlags í

byggingarnefnd nemendagarðanna.

*Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja niðurfellingu gatnagerðargjalda vegna byggingar nemendagarða við Lýðskólann á Flateyri og vinnuframlag byggingafulltrúa Ísafjarðarbæjar í byggingarnefnd.*

**9. Byggðakvóti Flateyri - 2020100013**

Lagður fram tölvupóstur Gísla Jóns Gíslasonar, f.h. ÍS 47 ehf., dags. 1. október 2020, þar sem óskað er svara varðandi byggðakvóta á Flateyri og sértækar aðgerðir vegna byggðalagsins.

*Bæjarráð felur bæjarstjóra að svara erindinu.*

**10. Göngustígur í Eyrarhlíð - framkvæmdaleyfi - 2017120019**

Lagt fram minnisblað Bryndísar Óskar Jónsdóttur, sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs, dags. 1. október 2020, varðandi styrkbeiðni til Skógræktarfélags Ísafjarðar, vegna leyfisgjalda framkvæmdaleyfa.

*Bæjarráð samþykkir styrkbeiðni Skógræktarfélags Ísafjarðar vegna leyfisgjalda framkvæmdaleyfa að fjárhæð kr. 163.226.*

**11. Glamping Flateyri - Vilyrði fyrir notkun á landi Ísafjarðarbæjar í Önundarfirði - 2020100011**

Lagður fram tölvupóstur Helenu Jónsdóttur, verkefnastjóra á Flateyri, f.h. Dýrleifar Ýrar Örlygsdóttur og Þórunnar Ásdísar Óskarsdóttur, dags. 28. september 2020, þar sem óskað er eftir vilyrði fyrir notkun á landi Ísafjarðarbæjar í Önundarfirði fyrir „Glamping“.

*Bæjarráð vísar erindinu til skipulags- og mannvirkjanefndar.*

**12. Breyting umferðarhraða á Seljalandsvegi - 2020050089**

Lagður fram tölvupóstur Guðmundar Ragnarssonar, verkefnastjóra Vegagerðarinnar, dags. 29. september 2020, ásamt tillögu 3 um breytingu á umferðarhraða á Seljalandsvegi 637-01, þar sem óskað er samþykkis Ísafjarðarbæjar á tillögu 3.

*Bæjarráð samþykkir tillögu 3 um breytingu á umferðarhraða á Seljalandsvegi 637-01.*

**13. Villikettir Vestfjörðum - 2020100012**

Lagt fram bréf Jónu Símoníu Bjarnardóttur, f.h. stjórnar Villikatta Vestfjarða, dags. 23. september 2020, þar sem óskað er samstarfs við Ísafjarðarbæ, vegna föngunar og geldingu villikatta.

*Bæjarráð vísar málinu til umhverfis- og framkvæmdanefndar.*

**14. Fyrirspurn vegna fótboltahúss - 2020090095**

Lögð fram fyrirspurn bæjarfulltrúa Í-listans, Nannýjar Örnú Guðmundsdóttur, dags. 25. september 2020, þar sem óskað er skriflegra svara nokkurra spurninga varðandi fótboltahús á Ísafirði.

*Bæjarráð felur bæjarstjóra að svara erindinu.*

**15. Samningur Vegagerðarinnar við Ísafjarðarbæ vegna Dýrafjarðargangna - 2020090050**

Lagður fram samningur um framlag Vegagerðarinnar til Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar vegna Dýrafjarðarganga, dags. 30. september 2020, þar sem Vegagerðin veitir Ísafjarðarbæ styrk að fjárhæð kr. 85.000.000 vegna búnaðarkaupa vegna Dýrafjarðarganga.

*Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja samning um framlag Vegagerðarinnar til Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar vegna Dýrafjarðarganga.*

**16. Stúdíó Dan ehf. - kaup og rekstur - 2017050073**

Lagður fram til kynningar ársreikningur Studio Dan ehf. vegna ársins 2019.

*Lagt fram til kynningar.*

**17. Samstarfshópur um þjóðgarð á Vestfjörðum - 2019100101**

Lagt fram til kynningar bréf Guðmundar Inga Guðbrandssonar og Sigríðar Auðar Arnardóttur, f.h. Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 20. september 2020, til Birgis Gunnarssonar, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar, vegna formlegrar skipunar í samstarfshóps sem falið er það hlutverk að kanna og undirbúa mögulega stofnun þjóðgarðs á sunnanverðum Vestfjörðum. Nánar tiltekið er um að ræða þegar friðlýst svæði í Vatnsfirði og við Dynjanda, auk annarra nærliggjandi svæða, þ.m.t. Hrafseyri í Arnarfirði og Langi Botn í Geirþjófsfirði.

*Lagt fram til kynningar.*

**18. Skýrslur ferðamála á Þingeyri - 2020090099**

Lögð fram til kynningar skýrsla Jónínu Hrannar Símonardóttur, formanns Koltru, dags. 20. september 2020, vegna Upplýsingamiðstöðvar ferðamála á Þingeyri fyrir árið 2020.

*Lagt fram til kynningar.*

**19. 65. Fjórðungþing Vestfirðinga - 2020050043**

Lagður fram til kynningar tölvupóstur Aðalsteins Óskarssonar, sviðsstjóra Fjórðungssambands Vestfirðinga, dags. 29. september 2020, ásamt boðun sveitarfélaga á framhald 65. Fjórðungsþings Vestfirðinga þann 9. og 10. október 2020, endanlegri dagskrá, tillögu að fjárhagsáætlun 2021, unnin í samráði við fjárhagsnefnd FV sem kosin var á 65. Fj.þingi, vorþing, tillögu að árstíllagi sveitarfélaga fyrir árið 2021, tillögu að launum stjórnar og nefnda Fjórðungssambands Vestfirðinga, tillögu að breytingu á samþykktum og þingsköpum Fjórðungssambands Vestfirðinga um fjárhagsnefnd, og yfirlit yfir atkvæðavægi sveitarfélaga.

*Lagt fram til kynningar.*

**20. Munir til varðveislu - slit á félagi - 2020090008**

Lagt fram til kynningar bréf Jónu Símoníu Bjarnardóttur, forstöðumanns Byggðasafn Vestfjarða, dags. 30. september 2020, þar sem upplýst er um að munir í eigu Húsmæðraskólanum Ósk hafa verið formlega gefnir Byggðasafninu. Safnið mun fara yfir munina, koma skjölum á skjalasafn og hreinsa úr safninu.

Jafnframt lagt fram til kynningar yfirlýsing stjórnar Kvenfélagsins Óskar, dags. 11. september 2020, vegna málsins.

*Bæjarráð vísar erindinu til atvinnu- og menningarmálanefndar.*

**21. Fuglavöktun á Vestfjörðum - 2020100016**

Lagður fram til kynningar tölvupóstur Sigurðar Halldórs Árnasonar, forstöðumanns Náttúrustofu Vestfjarða, dags. 2. október 2020, ásamt bréfi Náttúrustofunnar, dags. s.d., sem sent var til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, vegna fjárveitingar til sérverkefnis vegna fuglavöktunar á Vestfjörðum.

*Lagt fram til kynningar.*

**22. Fundargerðir 2019-2020 - Samband íslenskra sveitarfélaga - 2019090035**

Lögð fram til kynningar fundargerð 887. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem haldin var 25. september 2020.

Jafnframt lögð fram til kynningar fundargerð 888. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem haldinn var 29. september 2020.

*Lagt fram til kynningar.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:30**

---

Marzellius Sveinbjörnsson

---

Sif Huld Albertsdóttir

---

Nanný Arna Guðmundsdóttir

---

Birgir Gunnarsson

---

Bryndís Ósk Jónsdóttir